

Urechean og Pavlicenco gegn Moldóvu

Dómur frá 2. desember 2014

Mál nr. 27756/05 og 41219/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Ærumeiðingar. Friðhelgi forseta.

1. Málsatvik

Kærendur eru fæddir árin 1950 og 1953 og eru moldóvskir ríkisborgarar. Þeir voru báðir stjórnámamenn þegar atvik þessa máls áttu sér stað. Í tveimur viðtölum á árunum 2004 til 2007 hélt forseti Moldóvu því fram að annar kæranda hefði engu öðru áorkað sem borgarstjóri moldóvsku borgarinnar Chisinau en að auka spillingu og skipulagða glæpastarfsemi. Hinn kæranda sakaði forsetinn um að koma beinustu leið úr KGB, en báðir kærendur tilheyrðu öðrum stjórnámaflokki en forsetinn. Kærendur höfðuðu ærumeiðingarmál á hendur forsetanum á grundvelli ummælna en forsetinn naut friðhelgi fyrir slíkum málshöfðunum samkvæmt landsrétti. Málin náðu þar af leiðandi ekki fram að ganga. Áfrýjanir kæranda fyrir dómstólum innanlands báru engan árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að alger friðhelgi forsetans fyrir málshöfðun hafi girt fyrir aðgang þeirra að réttlátri málsmeðferð fyrir dómi um réttindi sín. Með því töldu þeir brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Málið var hið fyrsta sinnar tegundar fyrir Mannréttindadómstólnum um friðhelgi málsóknar gegn forseta, en áður hafði dómstóllinn tekið fyrir mál um svipaða friðhelgi þingmanna. Dómstóllinn tók fram að í þessu máli líkt og þeim málum sem reynir á friðhelgi þingmanna gæti slík friðhelgi stefnt að lögmætu markmiði og verið heimil. Þó gildi sú regla að þeim mun viðtækari sem friðhelgin væri þeim mun strangari kröfur væru gerðar til heimildarinnar.

Dómstóllinn taldi að ekki hafi verið gætt að jafnvægi milli hagsmuna sem uppi voru í máli þessu, þ.e.a.s. hagsmunum almennings af því að vernda málfrelsi forsetans og hagsmunum kæranda að geta leitað til dómstóls til að fá úrlausn um réttindi sín.

Þessi niðurstaða dómstólsins var studd því að moldóvskir dómstólar höfðu ekki metið hvort forsetinn hafi viðhaft ummælin í krafti stöðu sinnar. Höfðu þeir látið staðar numið við að beita stjórnarskrárákvæðinu sem tryggði friðhelgina og komist að því að hún fæli ekki í sér neinar takmarkanir á friðhelginni. Var ákvæðinu því ætlað að veita forseta algera friðhelgi gagnvart málsóknum meðan hann gegndi embætti. Dómstóllinn tók fram að svo algildar takmarkanir á réttinum til aðgangs að dómstólum bæri að forðast.

Dómstóllinn tók að lokum fram að ekki væru neinar aðrar leiðir mögulegar kærendum til að fá úrlausn mála sinna. Þrátt fyrir að stjórnámamenn útkljái mál sem þessi almennt séð í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi gat það ekki átt við í þessu máli enda ritskoðaði moldóvska ríkið útsendingar sjónvarps. Gat dómstóllinn því ekki séð að til staðar væri raunhæft úrræði fyrir kærendur til að gæta réttar síns, var háttsemin því brot á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Síðari kæranda voru dæmdar 3600 evrur í miskabætur og 5289,6 evrur í málskostnað.